



*BORGARRÁÐ 2. febrúar 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um eftirlit með íþrótt- og tómstundafélögum - MSS23020010*  
*Fyrirspurn frá flokki fólksins um hvernig eftirliti er háttað með íþrótt- og tómstundafélögum reykjavíkurborgar varðandi úrræði þegar upp koma eineltis-, og eða önnur ofbeldismál. Spurt er einnig hvort hægt sé að sjá miðlægt hvort íþrótt- og tómstundafélög á vegum borgarinnar hafi viðbragðsáætlun og verkferla tiltæka og sýnilega á heimasíðu sinni þegar upp koma eineltis- eða ofbeldismál eða þegar grunur leikur á um að einelti viðgangist? Óskað er eftir ítarlegu svari og sundurliðun, t.d. hvaða félög, ef einhver, hafa ekki áætlun gegn einelti og viðbragðsáætlun tiltæka á heimasíðu sinni. Óskað er upplýsinga um hvort kallað sé eftir þessum upplýsingum frá íþrótt- og tómstundafélögum reykjavíkurborgar reglulega og ef svo er, hversu reglulega?*

Svar Íþróttabandalags Reykjavíkur vegna stöðu þessara mála hjá íþróttafélögum.

Þau úrræði sem eru í boði þegar upp koma eineltis- og eða önnur ofbeldismál er að finna á heimasíðu ÍBR. Þar er linkur inn á [Samskiptarráðgjafa](#) þar sem hægt er að tilkynna atvik og fá ráðgjöf og/eða aðstoð. Á heimasíðu ÍBR er einnig bæklingurinn [Kynferðislegt ofbeldi og kynferðisleg áreitni í íþróttum](#) ásamt [leiðbeiningum og verkferlum](#) ef upp koma mál, bæði fyrir yngri en 18 ára og svo 18 ára og eldri. Hægt er að tilkynna mál beint til ÍBR á netfangið [sidamal@ibr.is](mailto:sidamal@ibr.is) eða í síma 535-3700 þar sem málið fer í ferli.

ÍBR tók á móti 64 ofeldis-, og eða eineltismálum árið 2021 og 56 málum árið 2022.

Samræmd [Viðbragðsáætlun](#) fyrir íþrótt- og æskulýðsstarfs á landinu, við ofbeldi, einelti, slysum og öðru sem gæti komið upp, var gefn út í nóvember 2022. ÍBR mælist til þess að öll íþróttafélög hafi hlekk á heimasíðu félaganna inn á þessa viðbragðsáætlun, en mörg minni íþróttafélögin halda ekki úti heimasíðu vegna kostnaðar og/eða manneklu.

Viðbragðsáætlunin var unnin af vinnuhóp sem Sigurbjörg Sigurpálsdóttir samskiptaráðgjafi leiddi og í honum voru fulltrúar frá eftirfarandi samtökum; Bandalagi íslenskra skáta (BÍS), **Íþróttabandalagi Reykjavíkur**, Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ), Kristilegu félagi ungra manna og kvenna (KFUM og K), Samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs, Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu, Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) og Æskulýðsvettvanginum (ÆV).

Markmið viðbragðsáætlunar er að færa aðilum innan íþrótt- og æskulýðsfélaga og samtaka um allt land áætlun vegna atvika og áfalla sem upp geta komið í starfinu svo að viðbrögð allra íþrótt- og æskulýðsfélaga séu eins.

Í áætluninni er að finna verkferla sem fylgja skal þegar upp koma atvik eða áföll í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Viðbragðsáætlunin er einföld og á við í öllum tilvikum, óháð því um hvaða aðila og atvik er um að ræða. Dæmi um atvik sem að viðbragðsáætlunin nær til eru slys, veikindi, náttúruhamfarir, einelti og ofbeldi. Einnig eru þar gagnlegar upplýsingar um meðal annars ferðalög, hinseginleika og fjölmenningu og inngildinguna í félagsstarfi, öryggismál og skráningu atvika.

Áætlunin nær yfir alla starfsemi íþrótt- og æskulýðsfélaga á landinu, aðildarféлага, þátttakendur, stjórnendur, yfirmenn, starfsfólk, sjálfboðaliða og aðra ábyrgðaraðila innan félaganna. Þó að starfsemin



geti verið misjöfn á milli félaga þá er mikilvægt að öllum líði vel við leik og störf í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Allt fólk á að geta gengið að því vísu að félagsstarf þess bjóði upp á öruggt umhverfi og að fólk fái að vera óáreitt í félagsstarfinu, óháð aldri, kynferði eða stöðu að öðru leyti. Sömuleiðis á allt fólk að geta leitað réttar síns ef atvik koma upp, án þess að óttast afleiðingar. Ýmis atvik geta komið upp og mikilvægt er að geta brugðist við á sem bestan máta. Erfitt er að gera öllum mögulegum atvikum skil en mikilvægt er að hafa einhverjar grunnreglur til að fylgja.

Í [verkfærakistu](#) Æskulýðsvettvangsins má finna hin ýmsu verkfæri sem eru til þess fallin að aðstoða félagasamtök, starfsfólk þeirra og sjálfboðaliða í að stuðla að heilbrigðu, uppbyggjandi, jákvæðum og öruggum aðstæðum fyrir börn og ungmenni í íþrótt- og æskulýðsstarfi og tryggja velferð þeirra og vellíðan.

Í greiðslusamningum við félögin er meðal annars lögð áhersla á að aðildarfélög ÍBR standi vel að þeim málum er varða jafnréttis- og siðamál og hér eru upptalin helstu atriði sem félög þurfa að hafa í huga;

- Hafa siðareglur gagnvart ofbeldi á heimasíðu.
- Hafa siðareglur UMFÍ á heimasíðu.
- Hafa verkferla um hvernig á að tilkynna mál á heimasíðu og fylgja þeim eftir og - kynna innan félagsins.
- Hafa bæklinginn „Kynferðislegt ofbeldi og kynferðisleg áreitni í íþróttum“ á heimasíðu.
  - Vera með virka jafnréttisáætlun og aðgerðaráætlun.
  - Vera með virka eineltisáætlun og aðgerðaráætlun.
  - Senda starfsfólk árlega í fræðslu á vegum ÍBR þar sem í boði er m.a. hinsegin fræðsla, fjölmenningsfræðsla og samskiptafræðsla.
  - Kynna þessi málefni með virkum hætti á heimasíðu, á samfélagsmiðlum í tölvupóstum eða með öðrum hætti gagnvart iðkendum/foreldrum, þjálfurum, starfsfólki og stjórnarfólki.

*Minnt er á að krafa er um skilað sé sakavottorði og umsögnum þegar verið er að ráða nýja aðila til íþróttafélagsins.*

ÍBR heimsækir hverfafélögin 1-2 á ári og tekur úttekt á jafnréttis- og siðamálum og tekur úttekt á heimasíðu félaganna til að ganga úr skugga um að þau uppfylli öll ofangreind atriði ásamt fleiru.

Hér er yfirlit yfir stöðu mála hjá hverfafélögunum í Reykjavík 27.02.2023:

Íþrótt- félög	Siðareglur gagnvart ofbeldi	Siðareglur UMFÍ	Verkferlar hvernig á að tilkynna mál	Hafa bækling Kynferðislegt ofbeldi og kynferðisleg áreitni í íþróttum	Virk jafnréttisáætlun og aðgerðaráætlun	Virk eineltisáætlun og aðgerðaráætlun	Senda starfsfólk árlega í fræðslu á vegum ÍBR	Hlekkur á Samskiptaráðgjafa	Viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs í landinu
Ármannt	Vantar	X	X	X	X	X	X	Vantar	X
Próttur	Vantar	X	Vantar	Vantar	X	X	X	X	Vantar
Fram	x	X	X	X	X	X	X	X	X
Víkingur	X	X	X	X	X	X	X	X	X
ÍR	Vantar	Vantar	X	X	X	X	Ábótavant	Vantar	Vantar
Fjölnir	X	X	X	X	X	X	X	X	Vantar
Fylkir	X	Vantar	X	X	X	X	X	X	X
KR	X	X	x	Vantar	Vantar	Vantar	X	X	Vantar
Valur	X	X	X	X	X	Vantar	X	X	Vantar



Reglulega er ýtt á að bætt sé úr því sem þarf að laga svo það má gera ráð fyrir að staðan í þessum málum verði enn betri innan skamms tíma.

ÍBR stóð fyrir mikilvægum fræðsluerindum fyrir öll aðildarfélög ÍBR og heimsótti öll 9 hverfafélög Reykjavíkur haustið 2022 þar sem þjálfarar og starfsfólk félaganna fengu fræðslu. ÍBR stefnir á að vera með fræðsludaga tvisvar á ári þar sem fjallað eru um málefni sem skipta íþróttahreyfinguna máli. Í ár fengu félögin fræðslu um jafnrétti og ómeðvitaða hlutdrægni, fjölmenningu og inngildinguna í íþróttastarfi, og hinseginfræðslu.

F.h. Íþróttabandalags Reykjavíkur  
Brynja Þorsteinsdóttir  
Verkefnastjóri mannréttindamála